

**Samtök brúðuleikara á Íslandi** halda sína árlegu jólahátíð í dag, en hún er nú til styrktar Fjölskylduhjálp Íslands og Mæðrastyrksnefnd. Hátíðin fer fram í bókasal Þjóðmenningarhússins og hefst klukkan 14 með brúðuleiksýningunni Vetrarævintýrið um Selinn Snorra.

# ;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar:** **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Brynja Dan Gunnarsdóttir** brynjadan@365.is 512 5465 **Snorri Snorrason** snorris@365.is 512 5457




Sigga & Timo

www.siggaogtimo.is






Laugavegur 55, sími 551-1040
Opið mán.–fös. kl. 11-18 • lau. kl. 10–16
Sendum í póstkröfu um allt land.
www.smartboutique.is



Gæði & Glæsileiki

Mikið úrval af fallegum skóm og töskum



www.gabor.is

Sérverslun með

Gabor®

FÁKAFENI 9 - Sími: 553 7060
Opið mánud-föstudaga 11-18
laugardaga 11-18 og sunndaga 13-17


**Hafliði Ragnarsson súkkulaðimeistari ætlar að kaupa jólagjafirnar og skreyta jólatréð um helgina.**

# Skotinn í súkkulaðifógeta

Ég hef alltaf verið mikill sælgætisgrís og snobba ekki fyrir sætindum, enda alinn upp við að borða kökur og fæ mér Prins Póló og Hraunbita eins og allir hinir,“ segir Hafliði yfir dýrindis, handgerðum konfektmolum í sparistofu Skúla fógeta þar sem hann hefur opnað súkkulaðibúð í elsta húsi Reykjavíkur.

„Ég vona að Skúli sé ánægður með að ég hafi fyllt öll borð í stofunni hans af konfekti, en hér er einkar viðeigandi að bera konfekt á borð. Fógetinn hefur vafalaust átt fín sætindi í fórum sínum og hér ríkir afar hátíðleg stemning,“ segir Hafliði sæll í nýju súkkulaðibúðinni sem enn hefur ekki fengið nafn.

„Ég er dálítið skotinn í Súkkulaðifógetanum, en ætla að melta nafngiftina aðeins lengur,“ segir Hafliði kátur, enda staddur í eigin draumi.



;FRAMHALD | 2

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA





25% afsláttur af öllum jólavörum

Jólarúmfatnaður
Jóladúkar
Jólasvuntur
Jólapúðar

Opið laugardag
& sunnudag 11 - 18

Gildir meðan birgðir endast

Lín DESIGN

Lín Design | Laugavegi 176 | Sími 533 2220 | www.lindesign.is



**Jólasöngvar Kórs Langholtskirkju** verða haldnir um helgina. Þar syngur kórinn ásamt Gradualekór Langholtskirkju, en stjórnandi er Jón Stefánsson. Kórarnir flytja jólalög hvor fyrir sig og einnig allir saman en gestakór er Táknmálskórinn. Í hléi er boðið upp á rjúkandi jólasúkkulaði og piparkökur.



Meðal tónlistarfólks sem fram kemur í Fríkirkjunni í kvöld eru Karítur Íslands, Anna Jónsdóttir og Myrra.

# Sælustund í skammdegi

**Hlýja og kærleikur er þemað á árlegri Sælustund í Fríkirkjunni. Áhorfendur leika ekki síður hlutverk í dagskránni en þeir tónlistarmenn er fram koma.**

Svokölluð árleg Sælustund í skammdeginu er haldin í Fríkirkjunni í Reykjavík í kvöld og hefst klukkan 21. Sælustundin samanstendur af ljúfri jóladagskrá, söng, hugvekjum og sögum, þar sem fram koma tónlistarmenn úr ýmsum áttum. Má þar nefna Karítur Íslands og Hilmar Örn Agnarsson, Svavar Knút, Önnu Jónsdóttur sópransöngkonu og Myrru. Þá er slegið til samsöngs en áherslan er á hlýju og mannlega nærveru.

Miðaverð er 2.500 krónur en ókeypis er fyrir börn í fylgd með foreldrum. Miðasala er meðal annars á midi.is.

Framhald af forsíðu

„Allt frá því ég byrjaði að handgera konfekt 2003 hefur mig dreymt um að eignast súkkulaðibúð,“ segir Hafliði, sem fékk bakstursáhugann á æskuárunum.

„Ég minnist notalegra stunda í smákökubakstri með mömmu og áts dásamlegs bakkelsis hjá ömmu og svo afa í hina áttina sem var bakari. Bakstur er svo notalegur, en einnig skapandi. Þá sköpunarþrá og skemmtun þarf að varðveita við störf í bakaríi og ekki nóg að henda í hrærivél og inn í ofn, því þá verður bragðið ekki einu sinni gott. Því þarf alltaf að baka með ástríðu og heilum hug,“ segir Hafliði, sem einnig starfar í Mosfellsbakaríi sem hefur verið í eigu fjölskyldu hans í hartnær þrjátíu ár.



Hafliði í súkkulaðibúðinni í húsi Skúla fógeta í Aðalstræti 10. Þar verður opið til klukkan 22 fram til jóla. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Ég baka lítið heima í eldhúsi fyrir jólin, fyrir utan að hnoða í piparkökur og setja saman piparkökuhús til að fá jólalykt í húsið. Þá lími ég húsið saman og börnin skemmta sér við að skreyta.“

Og þótt nú sé upp runnin síðasta helgi fyrir jól segir Hafliði enn tíma til að skella í nokkrar smákökur.

„Það er aldrei of seint að baka, en enginn verður góður bakari án þess að hafa prufað sig áfram. Æfingin skapar meistarann í þessu sem öðru. Mikilvægt að velja góðar, einfaldar og margreyndar uppskriftir og fara eftir þeim í hvívetna,“ segir Hafliði sem býður sínum gestum eðlilega upp á smákökur úr bakaríinu um jólin.

Um helgina ætlar Hafliði að setja heimili sitt í jólabúning og kaupa fáeinar jólagjafir.

„Ég er nýbyrjaður í jólainnkaupunum því mér finnst skemmtilegast að vera í bænum þegar mikið er af fólki og jólastemningin allsráðandi. Konan mín sér um stærstu innkaupin en ég fer með, segi já og nei, og tek upp budduna. Þá ætla ég með krakkana á jólamarkaðinn á Ingólfstorgi og velja þar stafafuru í fyrsta sinn sem jólatré.“

thordis@frettabladid.is


Hágæða danskir skór með kraftsóla sem örvar blóðflæðið til fótanna
Komdu og prófaðu



Ekstra breiður sóli

iljaskinn.is
iljaskinn
SKÓVERSLUN
Miðbæ, Háaleitisbraut 58-60
Sími: 553 2300

Glæsileg vönduð Ullarkápa er drauma-jólagjöfin



laxdal.is
BERNHARÐ LAXDAL
Laugavegi 63 • s: 551 4422



Fallega Jólaskeiðin frá Ernu
Verð 16.500,-
ERNA
Skipholti 3, s.552 0775, erna.is


TÍSKA




JÓLA NUDD Á FRÁBÆRU VERÐI
VICTORIA SALON & SPA
25 MÍN PARTANUDD
VERÐ: 3.900 KR.
50 MÍN DJÚPT HEILSUNUDD
VERÐ: 5.900 KR.
TILBOÐIÐ GILDIR TIL 15. JANÚAR 2012
VICTORIA SALON & SPA SUDURLANDSBRAUT 16 SÍMI: 611 - 5500

Hún verður enn glæsilegri í flík frá Topphúsinu



Yfirhafnir kvenna, ótrúlegt úrval.
Kápur-úlpur-jakkar
Ull-dúnn-vatt
Hattar-húfur-hanskar

TOPPVÖRUR • TOPPÞJÓNUSTA
GÓÐAR VÖRUR Á TILBOÐI
NÆG BÍLASTÆÐI
Topp HÚSIÐ
Mörkinni 6 - Sími 588 5518
Opið mán - fös 10-18,
laugardaga og sunnudaga 10-18,
www.topphusid.is

Nýtt á Íslandi
Good Works leðurarmböndin sem slegið hafa í gegn víða um heim

25% af hagnaði frá framleiðanda fer til góðgerðamála, nú í ár styðjum við samtök gegn einelti.

Á Íslandi ætlum við að styrkja Regnbogabörn.

Útsölustaðir:
Kastanía Höfðatorgi, Rvík
Versl. Arna Grímsbæ, Rvík
Kultur Kringlunni, Rvík
Úr og Gull Firði Hafnarfirði



GOOD WORKS
MAKE A DIFFERENCE

Heildsöludreifing:
Óm snyrtivörur ehf
Tunguvegi 19
108 Reykjavík
S: 568 0829
www.om.is

# Styrkir UN Women með ágóða af ilmvatnssölu

**ELLA gefur 1.000 krónur af hverju seldu ilmvatnsglasi til UN Women og verður styrkurinn afhentur í hófi í versluninni á morgun á afmæli samtakanna. Elínrós Líndal, eigandi ELLU, segir söluna á ilmvatninu hafa farið fram úr björtustu vonum.**

Ég gæti trúað að það lægi í eðli okkar kvenna að vilja hlúa að samfélaginu og eitt af gildum ELLU er að vera samfélagslega ábyrgt fyrirtæki,“ segir Elínrós Líndal, eigandi ELLU, um ástæðu styrkveitingarinnar. „Við völdum UN Women af því við viljum styðja við konur sem minna mega sín í þróunarlöndum. Styrkurinn okkar rennur óskertur í Styrktarsjóð samtakanna til að afnema ofbeldi gegn konum. Þannig mun ELLA með litlum vængjaslætti í norðri hafa fiðrildaáhrif á líf kvenna og fjölskyldna þeirra víða um heiminn.“

Ilmvötnin ELLA Day og ELLA Night voru sett á markað í apríl á þessu ári og Elínrós segir það hafa verið ákveðið strax í upphafi að heita á UN Women. „Við trúðum því að það færði okkur lukku, og það hefur sannast. Salan hefur verið ótrúlega góð og við fáum pantanir í gegnum vefsíðuna alls staðar að úr heiminum.“ Elínrós vill þó ekki gefa upp hversu há upphæð styrksins er en hún sé umtalsverð miðað við fyrirtæki í nýsköpun. „Það er gleðilegt þegar svona lítið nýsköpunarfyrirtæki getur látið til sín taka með þessum hætti og við erum mjög ánægð og þakklát.“

UN Women hafa starfað á Íslandi í tæpt ár og Elínrós segir samtökin eiga sérstakan stað í hjarta sér. „Ég var svo lánsöm að hafa tíma aflögu fyrir nokkrum árum og vann þá hluta af ári fyrir þessu einstöku samtök. Þar kynntist ég því hversu vel rekin þessi stofnun er og hversu mikil áhrif hún hefur. Til styrktarsjóðsins sækja konur um fjármagn til að útrýma ofbeldi í sínum samfélögum. Þetta eru konur rétt eins og þú og ég nema hvað að þær eru ekki svo lánsamar að vera fæddar hér á landi. Þess vegna er svo mikilvægt að við styrkjum þær og sendum skýr skilaboð um að annars staðar á jarðkringlunni séu konur sem láta sig velferð þeirra varða.“

*fridrikab@frettabladid.is*



Elínrós Líndal, eigandi ELLU, segist þakklát og ánægð með viðtökurnar sem ilmvötnin ELLA Day og ELLA Night hafa fengið. MYND/LILJA BJÖRG

Jólasýning Árbæjarsafns er opin á sunnudaginn frá klukkan 13 til 17. Klukkan 14 er guðsþjónusta í safnkirkjunni og á sama tíma les Bryndís Björgvinsdóttir úr bók sinni Flugan sem stöðvaði stríðið. Klukkan 15 hefst jólatrésskemmtun á torginu. Þar verða sungin jólalög og dansað í kringum jólatréð. Jólasveinar verða á vappi frá 14 til 16.



www.gerumeitthvad.is




# Við erum bara svo góðir

**Jón Svavar Jósefsson og djasskvartettinn Ferlíki verða í jólaskapi á Café Haiti í kvöld og leika og syngja djasskorn og dægurljóð úr ýmsum áttum.**

„Ég er nú tiltölulega nýkominn inn í þetta. Ferlíki var búið að spila saman í töluverðan tíma áður en ég bættist við. En við höfum haldið tvenna tónleika og erum bara svo góðir að fólk vill endilega heyra meira frá okkur,“ segir Jón Svavar og glottir. „Við verðum í léttum aðventufíling og uppistaðan í prógramminu eru svona „krúnerdjasslög“. Trommuleikarinn verður reyndar fjarri góðu gamni en í staðinn fáum við trompetleikarann Ragnhildi Gunnarsdóttur til liðs við okkur og ég er mjög spenntur fyrir því.“

Jón Svavar mun einnig syngja með Ferlíki á Kaffibarnum á þriðjudagskvöldið og þá verður trommarinn Magnús Tryggvason Eliassen aftur mættur til leiks. „Þar verðum við væntanlega í enn meiri aðventufíling,“ segir Jón Svavar. „Og þá er frítt inn meira að segja.“

Aðrir meðlimir Ferlíkis eru Ásgrímur Angantýsson á píanó, Jón Ómar Árnason á gítar og Þórður Högnason bassaleikari. *- fsb*


Jón Svavar Jósefsson söngvari verður í aðventufíling með djasskvartettinum Ferlíki á Café Haiti í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Rokký Reykjavík

25% afsláttur af HUMMEL laugardag & sunnudag



Rokký Reykjavík selur vandaðan barnafatnað fyrir aldurinn 0-12/14 ára
Frábært úrval af langerma & stuttermabolum frá 2990 kr

Opnunartími
Virkir dagar 12-17:30
Lau & sun 13-17

Mikið úrval Tjullpilsa, verð frá 4990 kr

JÓLAGJÖFINA FINNUR ÞÚ HJÁ OKKUR !

4funky flavours hummel BiFROST

Nethylur 2, 110 Reykjavík
www.gjof.is
s: 5873355


S - XL 5.900.-


S - XL 5.900.-


Skyrta S - XL 5.900.-
Golla S - XL 4 litir 4.950.-


Gallabuxur d.bláar stretch 7.900.-


Gallabuxur bláar stretch 7.900.-

Kringlan 4 - 12
Reykjavík s: 588 - 1705

Galla Buxnabúðin
Sendum í póstkröfu

Hafnarstræti 106, göngugötunni
Akureyri s: 463 - 3100

Ljósmyndari Heiða.is



**Þættirnir Downton Abbey** eru þekktir fyrir að grípa vel anda fortíðarinnar. Nýlega kom þó upp gagnrýni á þættina um að þeir fylgdu ekki nógu vel tísku þess tíma sem þeir eiga að gerast á. Þannig væru fyrirmenni á veiðum í komandi jólaþætti klæddir í anda 1890 þegar þættirnir eiga að gerast í kringum 1920.

## Snjódrottningin Lady Gaga

VAXMYND AF LADY GAGA HEFUR FENGIÐ NÝTT HLUTVERK.

Vaxfígúra af söngkonunni Lady Gaga, sem stendur í vaxmyndasafni Madame Tussaud's í Blackpool á Englandi, hefur fengið ný klæði fyrir jólin. Styttan verður hluti af jólauppsetningu safnsins og af því tilefni hefur hún verið klædd í kjól sem hannaður er af Adnan Bayatt og er búinn til úr matarfilmu. Kjóllinn sómir sér vel á Gaga sem er fyrirmyndar snjódrottning í hinum frumlegu klæðum.



Vaxmyndin af söngkonunni hefur verið klædd í frumlegan kjól úr matarfilmu. NORDICPHOTOS/AFP

Tímaritið Vogue hefur útbúið nokkuð skemmtilegan lista yfir hverjar blaðið telur bestu partímyndir ársins 2011. Á þeim partímyndum lentu meðal annars fyrirsæturnar Gisele Bündchen og Naomi Campbell.



**Heimild: www.vogue.com**



Leikkonan Marlene Dietrich klæddist jakkafötum á og utan hvíta tjaldsins.



Þessi mynd af leikkonunni Demi Moore olli miklu fjaðrafoki þegar hún birtist á forsíðu Vogue.



Celine Dion.

# Herraleg kventíska

**Jakkaföt, skyrtur og bindi einskorðast ekki aðeins við karlmenn heldur hafa notið vinsælda meðal kvenþjóðarinnar gegnum árin.**

Ýmsar þekktar kvikmyndastjörnur klæddust til dæmis smóking eða jakkafötum á gullaldarárum Hollywood, á hvíta tjaldinu sem og utan þess. Þar má meðal annars nefna Gretu Garbo og Marlene Dietrich. Það vakti hátískuhönnuðurinn Yves Saint Laurent heimsathygli þegar hann kynnti Le Smoking til sögunnar á sjöunda áratugnum en síðan hafa buxnadragtir átt vinsældum að fagna meðal kvenna um allan heim. Enn á ný virðist herraleg kventíska eiga upp á pallborðið sem má sjá af vetrarlínum tískuhúsanna Chloé, Michael Kors og Celine.


**Kynning**

# VARMA ullarvörur í jólapakkann

**VARMA vörumerkið hefur til þessa staðið að mestu leyti fyrir ullarvörur og er fyrirtækið stærsti framleiðandinn á vélprjónuðum ullarvörum á Íslandi. Starfsmenn eru tæplega 50 og fyrirtækið er með framleiðslu á Akureyri, Hvolsvelli og í Kópavogi.**

Undir merkjum VARMA eru framleiddar ullarflíkur, sokkar í ýmsum gerðum og smávörur eins og húfur, treflar, sjöl, vettlingar og ennisbönd. Mest er framleitt úr íslenskri ull en einnig töluvert úr angóraull og íslensku mokkaskinni. Á sumrin er stærsti markhópurinn erlendir ferðamenn en Íslendingar hafa verið að taka vel við sér síðustu misseri og er mikil aukning í sölunni til Íslendinga, einkum yfir veturinn, enda vörurnar bæði einstaklega fallegar og hlýjar.

„Salan fyrir jólin hefur margfaldast síðustu ár," segir Birgitta Ásgrímsdóttir, sölu- og markaðsstjóri. Vörur með átta blaða rósinni hafa t.d. notið vaxandi vinsælda og eiga margar unglingsstúlkur á landinu ennisband með átta blaða rós frá okkur. Belgvettlingar og fleira í þessum stíl hefur einnig notið mikilla vinsælda. Þessar vörur eru tilvaldar í jólapakkann í ár, enda verðið viðráðanlegt fyrir flesta og margar vörur til fyrir börn, konur og karlmenn á öllum aldri.

Útflutningur hefur líka verið að aukast mikið, til dæmis hefur útflutningur til Skandinavíu og sérstaklega Danmerkur þrefaldast síðan í fyrra og einnig er góð aukning í útflutningi til Þýskalands og fleiri landa.

Um þessar mundir erum við að ljúka þróun á nýrri mokkavörulínu og munum við leggja áherslu á aukna mokkaframleiðslu á næstu mánuðum. Við teljum mikla möguleika á að nýta íslenska mokkaskinnið meira og selja sem fullbúna vöru bæði hér heima og erlendi. Við þróunina fengum við Sigríði Heimisdóttur hönnuð til að hanna nýjar útgáfur af okkar klassísku mokkavörum þ.e. lúffum og húfum. Einnig hannaði hún alveg nýjar vörur eins og töskur, kraga og vesti. Þá munum við fara inn á alveg ný svið með heimilislínu úr mokkaefni og ull.

Allar okkar vörur eru seldar undir vörumerkinu „VARMA, the warmth of Iceland".

Sjá nánar www.varma.is og á Facebook undir VARMA – the warmth of Iceland.



Birgitta Ásgrímsdóttir, sölu- og markaðsstjóri VARMA, í saumastofu fyrirtækisins. MYND/GVA



Faxaflóahafnir sf
Associated Icelandic Ports
Reykjavík Grundartangi Akranes Borgarnes

# Útboð

Faxaflóahafnir sf. óska eftir tilboðum í verkið:
**SKARFABAKKI 2. ÁFANGI**
**Bakkagerð og dýpkun**

Verkið fellst í greftri og fyllingu efnisskiptaskurðar, uppmokstri grjótvarna, dýpkun, fyllingum, frágangi regnvatnslagna, bakkagerð ásamt útvegun og uppsetningu á ýmsum búnaði fyrir bakkann.

**Nokkrar helstu magntölur eru:**

| | |
|---|---|
| Gröftur og dýpkun: | 196.000 m³ |
| Jarðvinna, efni á staðnum: | 76.000 m³ |
| Jarðvinna, fyllingarefni aðflutt: | 186.000 m³ |
| Þilrekstur: | 230 m |
| Steinsteypa: | 850 m³ |
| V-laga þybbur: | 53 stk. |
| Regnvatnslögn og útrás: | 270 m |

Útboðsgögn verða seld á skrifstofu **Almennu verkfræðistofunnar hf.** að Fellsmúla 26, 4. hæð, 108 Reykjavík, frá og með þriðjudeginum 20. desember n.k. á 5.000 kr. hvert eintak. Tilboð verða opnuð á sama stað **þriðjudaginn 31. janúar n.k. kl. 11:00.**

Almenna verkfræðistofan

# ÚTBOÐ

fsr FRAMKVÆMDASÝSLA RÍKISINS
FASTEIGNIR RÍKISSJÓÐS

## HAFNARSTRÆTI 107, AKUREYRI ENDURBÆTUR

Framkvæmdasýsla ríkisins, fyrir hönd Fasteigna ríkissjóðs, óskar eftir tilboðum í endurbætur á Hafnarstræti 107, Akureyri. Verkið felst í að endurnýja að verulegu leyti allt innanstokks á fyrstu, annarri og þriðju hæð ásamt kjallara. Brúttó stærð rýmis er um 1.500 m2.

Verktími er frá febrúar 2012 til 15. mars 2013.

Útboðsgögn verða til sýnis og sölu hjá Framkvæmdasýslunni, Borgartúni 7A, Reykjavík og AVH ehf, Kaupangi, við Mýrarveg, Akureyri frá og með þriðjudeginum 20. desember 2011. Tilboðin verða opnuð þriðjudaginn 17. janúar 2012, kl. 11:00 hjá Framkvæmdasýslu ríkisins Borgartúni 7A, 3. hæð og hjá AVH ehf., Kaupangi við Mýrarveg, Akureyri að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

Bjóðendum er boðið til kynningarfundar 22. desember, kl. 10:00 að Hafnarstræti 107, í kaffistofu á 2. hæð. Í framhaldi af fundinum gefst bjóðendum kostur á að skoða aðstæður á væntanlegum verkstað.

**Helstu magntölur:**
Steypa 7 m3
Rif á lögnum 450 m
Fráveitulagnir 100 m
Neysluvatnslagnir 255 m
Hitalagnir 900 m
Loftstokkar 100 m
Rif á gólfefnum 970m²
Innveggir 220 m²
Loftaklæðningar 930 m²
Málning 2.900 m²
Innihurðir 51 stk
Glerveggir 145 m²
Dúkalögn 660 m²
Endurnýjun glers og glugga 124 stk

# Forval – byggingaverktakar

Verkfræðistofa Þráinn og Benedikt, fyrir hönd Happdrættis Háskóla Íslands, óskar eftir áhugasömum aðalverktökum til að taka þátt í forvali vegna útboðs á endurinnréttingu þriggja hæða í húsnæði Happdrættisins að Tjarnargötu 4 í Reykjavík. Í forvali verða hæfni og reynsla af fyrri verkum verktaka metin. Skilyrt er að verktaki geti tekið að sér alla verkþætti og hafi reynslu af aðalverktöku innréttinga verkefna af stærðargráðunni 500-1000 m2.

Áhugasamir verktakar panti forvalsgögn á netfanginu benedikt@verkfraedistofa.is og gefi upp nafn fyrirtækis og upplýsingar um tengilið. Gögn verða send út á tölvutæku formi frá og með mánudeginum 19. desember 2011. Forvalsgögnum skal skilað útfylltum á sama netfang eigi síðar en kl. 14.00 þann 5. janúar 2012.

HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS *vænlegast til vinnings*

Verkfræðistofa Þráinn & Benedikt

## Fasteignir

### Embassy – House

The American Embassy, Reykjavik is seeking to lease a house in Grindavik as of January 15th. 2012. Required size is 110 – 200 square meters . Lease period is for minimum of 2 years.
Two bedrooms and 2 bathrooms .
Please e-mail to: eyjolfssongt@state.gov before December 24th with information about the location (address) and phone number of the one that would show the property.

### Sendiráð – Húsnæði

Bandaríska Sendiráðið óskar að taka á leigu hús í Grindavík frá 15. janúar 2012. Æskileg stærð 110 – 200 fm. Leigutími er lágmark 2 ár. Tvö svefnherbergi og tvö baðherbergi.
Vinsamlegast sendið upplýsingar á netfangið: eyjolfssongt@state.gov fyrir 24. desember með upplýsingum um staðsetningu eignarinnar (heimilisfang) og símanúmer þess sem sýna mundi eignina..



# Fjarfestingatækifæri

Fasteignin Bjarkardalur 33, Reykjanesbæ, er til sölu en hún er í eigu þrotabús Týrus ehf. Um er að ræða þriggja hæða fjöleignarhús með sex þriggja herbergja og tíu fjögurra herbergja íbúðum sem eru tilbúnar til innréttinga auk átta fokheldra bílskúra en fasteignin var byggð var árið 2009. Íbúðirnar eru 98m2-121m2 að stærð. Óskað er eftir tilboðum í eignina í heilu lagi.

Fasteignin Reynidalur 1, Reykjanesbæ, er til sölu en hún er í eigu þrotabús Týrus ehf. Um er að ræða tveggja hæða fjöleignarhús með fjórum þriggja herbergja og ellefu fjögurra herbergja íbúðum. Eignin er fullfrágengin en fasteignin var byggð árið 2008. Íbúðirnar eru 97m2-118m2 að stærð. Óskað er eftir tilboðum í eignina í heilu lagi.

Fasteignirnar seljast í núverandi ástandi sem væntanlegir tilboðsgjafar eru beðnir að kynna sér rækilega.

Allar nánari upplýsingar fást hjá skiptastjóra þrotabús Týrus ehf., Guðna Bergssyni hdl., sími 515-7400, gudni@lr.is.

# HRAUNHAMAR FASTEIGNASALA

Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is

## Norðurbakki - Atvinnuhúsnæði - Hf.



Hraunhamar fasteignasala kynnir þrjú bil 370,3 fm, 105 fm, 97 fm atvinnuhúsnæði á götuhæð við Norðubakka 1 í hjarta Hafnarfjarðar. Um er að ræða atvinnuhúsnæði hugsað undir veitingarekstur, skrifstofur eða verslun. Stæði í bílageymslu fylgja. **Til afhendingar strax. Sölumenn sýna.**

## Steinhella - Atvinnuhúsnæði - Hf.



**HRAUNHAMAR KYNNIR:** Nýtt og glæsilegt 1264,8 fermetra þar af er milliloft 276 fermetrar staðsteypt hús sem er mjög vel staðsett innan Vallarhverfis í Hafnarfirði. Eignin er 988 fermetrar að grunnfleti og við það bætist 276 fermetrar steinsteypt efri hæð sem býður upp á mikla möguleika. Til afhendingar strax. **Verð 83.7. millj.**

## Grandatröð - Atvinnuhúsnæði - Hf.



Hraunhamar kynnir: Mjög gott atvinnuhúsnæði við Grandatröð. Húsnæðið er skrá 274,7 fm, en þar af er grunnflötur 201,2 fm, gott 73,5 fm. milliloft, skrifstofu. Er mjög hentugt undir hverskonar iðnað. Mikil lofthæð í sal, 6 metrar í mæni, 4 metra innkeyrsluhurð. Góð aðkoma, malbikað plan. Laust strax. **Verð 29,9 millj.**

## Hjallahraun - Verslun/heildsala - Hf.



Nýkomið í einkasölu sérlega gott og vel staðsett atvinnuhúsnæði. Húsnæðið er 480 fm. en getur selst í tvennu lagi. : Annars vegar 240 fm. góð verslunarhæð auk kjallara þar undir (lager), og hins vegar eru 240 fm. á einni hæð verslun/ verkstæði með innkeyrslu baka til. Húsnæðið er í útleigu. **Verð 48 millj.**

## Hjallahraun - Atvinnuhúsnæði - Hf.



Hraunhamar fasteignasala kynir mjög gott atvinnuhúsnæði við Hjallahraun 4 í Hafnarfirði. Húsnæðið er skráð um 199,2 fermetrar að grunnfleti og skiptist í rúmgóðan vinnusal með mikilli lofthæð og góðri innkeyrsluhurð. Við hlið salarins er afstúkuð snyrting og lítil skrifstofa/móttaka. Á efri hæð sem ekki er inn í skráðum fermetrum er milliloft (stálgrind) sem nýtt hefur verið sem lager og geymsla. Til afhendingar strax.**Verð 27.9 m.**

## Smiðsbúð - Atvinnuhúsnæði - Gbæ.



Hraunhamar fasteignasala kynnir mjög góðan fjárfestingakost glæsilegt geymslurými frá 78 fermetrum á frábærum stað við Smiðsbúð 12 í Garðabæ. Geymslurýmin eru ný uppgerð á glæsilegan hátt og því fylgir sérmerkt þinglýst útisvæði. Bilin eru með góðum innkeyrsludyrum, millilofti með salerni og eldhúsinnréttingu allt fyrsta flokks. Almenningslóð er óskipt og er afgirt 2081 fermetrar og skiptist jaft á öll bil. **Til afhendingar strax.**

## Álfaskeið - Atvinnuhúsnæði - Hf.



Hraunhamar fasteignasala kynnir 391,4 fermetra atvinnuhúsnæði vel staðsett á Álfaskeiðinu í Hafnarfirði. Eignin skiptist í stóran sal, gott lagerpláss með góðri innkeyrsluhurð, kaffistofu, baðherbergi ofl. Mögulegt er að skipta eigninni upp í minni einingar. Plan er malbikað. Laus strax. **Verð 35,4 millj.**

**Magnús Emilsson Löggiltur fasteignasali.**

## Sendibílar




Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.




**Allt frá umslagi upp í stórflutninga!**

## Húsbílar




## Fjórhjól



Til sölu þessi góði fákur. 520cc. V2. Fjórhjóladrifinn, Götuskráður Hátt/Lágt drif. Verð aðeins 670 þús. Nánari upplýsingar hjá VDO. Borgartún 36. S: 588 9747 www.vdo.is

## Vélsleðar



Til Sölu Ski Doo RS 738 árgerð 2008. Lengdur í 146 tommur. Ekinn c.a 2000. Verð 1490 stgr. Uppl. í síma 896 8266 Gulli.

## Vinnuvélar






**SNOWEX**
Eigum fyrirliggjandi Snowex sand og saltdreifara fyrir pallbíla, dráttarvélar, og lyftara. ORKUVER ehf. Smiðjuvegi 11, s.5343435 www.orkuver.is




## Lyftarar




**Körfubílaleigan.**
Ódýr og góð þjónusta. Vinnuhæð 32 metrar. S. 893 3573.

## Bátar




Vantar báta og skip á söluskrá okkar. Mikil eftirspurn. Bátar og búnaður, Sími 663-4865 og 861-9188. www.batarogbunadur.is

## Aukahlutir í bíla




BEL og TPX Radarvarar Vandaðir radarvarar fyrir bíla og mótorhjól. Verð frá 19.900,-kr. AMG Aukaraf ehf Dalbrekku 16, Kópavogi, s: 585-0000, www.aukaraf.is



**Vantar þig fullkomna jólagjöf fyrir manninn?**
HID/Xenon kastarar frá 26.900kr-32.900kr stk. Mikið lægra verð en áður hefur þekkst á Íslandi. Fást í 4" til 9" stærðum. AMG Aukaraf Dalbrekku 16 s.5850000 www.aukaraf.is



**LED ljós á bíla, fjórhjól, vélsleða í miklu úrvali.**
Verð frá 13.900kr stk. AMG Aukaraf Dalbrekku 16 s.5850000 www.aukaraf.is

## Bílaþjónusta

metanbill.is

**Metanbreyting fyrir bílinn þinn ?**
**- Reynsla Vélamiðstöðvarinnar í vélabreytingum síðan 1964**

**- Endurgreiðsla 100.000 á notuðum bílum**

**- Endurgreiðsla allt að 1.250.000 á nýjum bílum**

**- Komdu í heimsókn við tökum út bílinn og gerum þér tilboð - frítt!**
**Metanbill.is S: 5 800 400 eða metanbill@metanbill.is**

## Varahlutir




**Bílapartasala**
Höfum opnað varahlutasölu með notaða varahluti í nýlega bíla www.netpartar.is

**Varahlutavaktin**
**Sími 555 6666**
Erum með varahluti fyrir Benz, VW, Skoda, MMC, Hyundai, Peugeot, Renult, Fiat, Suzuki, Dodge, Ford, Land Rover og fl. Kaupum bíla niðurrifs og uppgerðar. Ísetningar á varahlutum. Eldshöfða 6, 110 RVK. Opið 09-18 og lau. 10-14.

Er að rífa Toyota Corolla árg'00 staiton. Uppl. í s. 8928185

**GS Varahlutir**
**Sími 567-6744**
Bremsu- og stýrishlutir í flestar gerðir bíla. Pöntum á fimmtudögum, varan komin á mánudegi. Gott úrval af Gabríel dempurum á lager. Bíldshöfða 14, 110 Rvk.

## Viðgerðir

Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Uppl. s. 555 6020

# ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**Pípulagnir**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 663 5315.

## Hreingerningar

**Vy-þrif ehf.**
öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. Sími 512-4010 www.vy.is

**A-Ö Þrif&Hreinlæti**
**S. 662 0662**
Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

Jólahreingerningar, Flutningsþrif, gólfbónun, teppahreinsun, gluggaþvottur, sérverkefni. www.hreingerningar.is S. 772 1450.

## Garðyrkja




## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Bókhald-ársreikningar-framtöl-VSKuppgjör-launauppgjör-stofnun félaga-erfðafjárskýrslur o.fl. S 517-3977 www.fob.is fob@fob.is

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

## Húsaviðhald










Viðhalds Verk ehf

**Húsaviðgerðir - Nýbyggingar**
**Tilboð ókeypis**
Múrarar, málarar, háþrýstiþvottur, smiðir- gluggar og hurðir, rafvirkjar og píparar með mikla reynslu í viðhaldi fasteigna geta bætt við sig verkum. Nýbyggingar og allt viðhald fasteigna inni og úti. Viðhaldsverk ehf S. 699 0712 & 618 7712 verk@vidhaldsverk.is




Sími 896 4947 Netfang: hamraborg @ simnet.is

K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Múrviðgerðir og flísalagnir. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 899 4254.

## Tölvur

Tölvuviðgerðir, gagnabjörgun. Kem á staðinn. Gott verð. S. 699 6735 Baldvin.

## Spádómar

**Spásími 908 7000**
Spámiðlun, tarot, andleg leiðsögn, fyrirbænir, draumar og trúnaður. Opið frá 12-23 S. 863 1987 visa/euro.

**Spásíminn 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Rafvirkjun




**RAFVIRKJUN S. 896 6025**
Tilboð í raflagnir, töfluskipti og dyrasímakerfi. Rafneisti ehf. Lögg. rafverktaki.

## Önnur þjónusta



**LOKADAGUR**
Flottar luktir sem gera umhverfi okkar hlýleg og notalegt. Falleg kerti og skemmtileg hreindýr/elgar. Síðasti opnunardagur fyrir jól. Opið 10-17. Green-house Þverholti 18 105 Reykjavík S: 777 2281.

# SOHO MARKET



**Blúndu aðhaldstoppur**
**S-XXL. Kr. 3450,- Sv og húðl.**



**Aðhaldsbuxur m/festingu**
**S-3XL. Kr. 2990,- Sv. og drapp.**



**Aðhaldsgalli**
**S-3XLKr. 4990,- Sv. og drapp.**



**Aðhaldssamfella**
**S-3XL Kr. 3990,- Sv. og drapp.**



**Buxur m/fyllingu**
**S-2XL Kr. 2990,-**

SOHO MARKET
**Sími 553 7300**
**Opið frá 12–22 fram að jólum**
**Aðfangadagur 10 – 14**
**Sendum í póstkröfu.**

## Tilboð




## Lagersala



